

# Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2019-2020



**BLINDRAFÉLAGIÐ**

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939





**Ársskýrsla Blindrafélagsins**  
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi  
fyrir starfsárið 2019-2020

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar .....	5
Stefnumótun, lög, siðareglur og viðbragðsáætlanir .....	6
Afmælisárið .....	7
Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar .....	8
Félagsfundir .....	8
Samstarfsfundir .....	9
Samstarf við Fjólu .....	9
Alþjóðasamstarf .....	10
Ferðaþjónusta Blindrafélagsins .....	11
Leiðsöguhundaverkefnið .....	11
Framkvæmdir á Hamrahlíð 17 .....	12
Alþjóðlegi sjónverndardagurinn, ráðstefna um heilatengda sjónskerðingu .....	13
Dagur hvíta stafsins .....	14
Alþjóðlegir sáttmálar og tilskipanir um réttindi fatlaðs fólks .....	14
Aðgengismál .....	15
Málstofur og fræðslufyrirlestrar .....	15
Samstarfssamningurinn við Íþróttasamband fatlaðra .....	16
Bakhjarlar .....	17
Jafningjastuðningur, trúnaðarmenn og stuðningsnetið .....	17
Nýir klúbbar .....	18
Samstarfsaðilar .....	18
Útgáfumál og upplýsingaflæði .....	19
Réttindagæsla .....	20
Lokaorð .....	20
Starfsemi skrifstofu .....	21
Fyrirtækjakönnun VR .....	22
Niðurstöður – samanburður við öll fyrirtæki og fyrirtæki í sama stærðarflokki. ....	23
Ferðaþjónusta Blindrafélagsins .....	23

Vörusala og tækjaleiga .....	24
Vörusala.....	24
Handi friendly .....	24
Tækjaleiga .....	25
Þjónustusamningar og fengnir styrkir.....	25
Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2019.....	25
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg .....	25
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands .....	25
Aðrir styrkir og gjafir .....	26
Fjáraflanadeild Blindrafélagsins .....	26
Fjáraflanir 2019 .....	26
Happdrætti .....	26
Víðsjá.....	27
Jóla kort .....	27
Leiðsöguhundadagatöl.....	28
Bakhjarlar.....	28
Fyrirtækjasöfnun .....	29
Rekstur fasteigna.....	29
Útleiga á húsnæði. ....	29
Viðhaldsframkvæmdir utanhúss. ....	29
Ársskýrsla 2019-2020 fyrir tæknimál Blindrafélagsins.....	30
Kynning.....	30
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra. ....	31
Vefvarp Blindrafélagsins. ....	31
Ársskýrsla 2019-2020 fyrir aðgengismál Blindrafélagsins. ....	31
Kynning. ....	31
Aðgengisfulltrúi tekinn til starfa. ....	32
Samstarf við ReadSpeaker. ....	32
Samstarf við SiteImprove. ....	33
Samstarf við Handi-Friendly.....	33
Samstarf við NaviLens. ....	33

Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2019-2020 .....	34
Ársskýrsla félagsmálafulltrúa 2019-2020 .....	35
Félagsstarfið .....	35
Ársskýrsla foreldradeildar 2019-2020 .....	35
Ársskýrsla jafnréttisnefndar 2019-2020.....	36
Ársskýrsla skemmtinefndar 2019-2020.....	36
Ársskýrsla UngBlind 2019–2020.....	37
Ársskýrsla Opins húss .....	38
Retina Ísland fyrir starfsárið 2019-2020.....	39
Ársskýrsla bókmenntaklúbbs 2019-2020 .....	41
Ársskýrsla Suðurlandsdeildar .....	42
Aðrar skýrslur.....	44
Blindravinnustofan 2019 .....	44
Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2019 .....	44
Stefnumótun 2020–2022 .....	45
Innra starf.....	45
HBS-app og vefspilari .....	46
Eigendur höfundarréttar .....	46
Útgefendur .....	47
Samstarf um íslenska máltækni .....	47
Blindrafélagið .....	47
Menntavísindasvið HÍ.....	47
Hringsjá.....	47
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda .....	47
Sérkennarar og námsráðgjafar.....	48
Norrænt samstarf .....	48
Nordic IT Forum og aðrir tæknihópar á Norðurlöndum .....	49
User Service Group.....	49
Millisafnalán á Norðurlöndum.....	49
NIPÍ.....	49

Marrakesh-sáttmálinn.....50

## Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2019–2020 gerir grein fyrir helstu áherslum og nýjungum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og í skýrslum einstakra starfseininga.

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2019–2020 hélt samtals 18 stjórnarfundi auk vinnufunda. Í upphafi starfsársins var stjórnarskipan eftirfarandi:

Sigpór U. Hallfreðsson, formaður.

Lilja Sveinsdóttir, varaformaður.

Eypór Kamban Þrastarson, gjaldkeri.

Kaisu Hynninen, ritari.

Hlynur Þór Agnarsson, meðstjórnandi.

Dagný Kristmannsdóttir, varamaður.

Guðmundur Rafn Bjarnason, varamaður.

Rósa Ragnarsdóttir, varamaður.

Þórarinn Þórhallsson, varamaður.

Eftir að Hlynur Þór Agnarsson tók við starfi aðgengisfulltrúa hefur hann verið í leyfi frá stjórnarstörfum að eigin ósk.

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Sigpór U. Hallfreðsson.

Lilja Sveinsdóttir.

Eypór Kamban Þrastarson.

Dagný Kristmannsdóttir.

Þórarinn Þórhallsson.



## ***Stefnumótun, lög, siðareglur og viðbragðsáætlanir***

Grundvöllur Blindrafélagsins er í skráðum lögum og gildum félagsins. Á þeim byggist stefnumótun og starfsmarkmið félagsins. Á þessum grunni, ásamt viðmiðum um samfélagslega ábyrgð og almennt siðferði, hefur félagið sett sér siðareglur og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu ofbeldi og í eineltismálum. Á þessum grunni hvílir laga- og siðferðisleg umgjörð Blindrafélagsins sem sett er fram í eftirfarandi ramma:

- Lög Blindrafélagsins.
- Gildi Blindrafélagsins.
- Siðareglur Blindrafélagsins, sem varða alla sem taka þátt í starfsemi félagsins.
- Sérstækar siðareglur kjörinna fulltrúa, ítarlegri en almennar siðareglur Blindrafélagsins.
- Sérstakar siðareglur fyrir starfsmenn Blindrafélagsins sem ganga lengra en almennar siðareglur félagsins, rétt eins og siðareglur kjörinna fulltrúa.
- Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins gegn kynferðisbrotum.
- Viðbragðsáætlun í eineltismálum.
- Stefnumótun, stefna og starfsmarkmið.

Í viðbragðsáætluninni gegn kynferðislegu ofbeldi er skýr stefnumörkun um að kynferðislegt ofbeldi sé ekki liðið innan Blindrafélagsins, að þolandi njóti ávallt verndar og eigi kost á að sækja sér aðstoð til fagráðs Blindrafélagsins. Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins vegna eineltis miðar að því að skilgreina hvað felist í hugtakinu einelti og taka af allan vafa um að einelti sé ekki liðið innan félagsins. Í viðbragðsáætluninni eru leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við einelti og í hvaða farveg slík mál fari.

Á vettvangi stjórnar hefur stefnumótun félagsins og starfsmarkmið verið yfirfarin og endurskoðuð reglulega. Við síðustu yfirferð var ákveðið að hefja vinnu við að samþætta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í stefnumótun félagsins en þau eiga mikinn samhljóm með sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fyrirbyggjandi stefnumörkun félagsins er byggð á sömu hugmyndafræði. Stefnumótunarskýrslan er birt á heimasíðu félagsins, [www.blind.is](http://www.blind.is).

## Afmælisárið

Þann 19. ágúst 2019 voru liðin 80 ár frá stofnun Blindrafélagsins. Félagið hefur alla tíð verið öflugur málsvari mannréttinda og umbóta í samfélaginu en þrátt fyrir að ótal margt hafi breyst til hins betra í málefnum blindra og sjónskertra á þessum 80 árum er enn verk að vinna og Blindrafélagið á ekki síður brýnt erindi við samtíð sína núna en þá. Í tilefni dagsins var efnt til hátíðarsamkomu á afmælisdaginn 19. ágúst og Blindrafélagið var heiðursgestur Reykjavíkurborgar á Menningarnótt í Reykjavík laugardaginn 24. ágúst. Afmælishátíðin hófst með heimsókn forseta Íslands, herra Guðna Th. Jóhannessonar, í Hamrahlið 17 þar sem hann kynnti sér starfsemi félagsins, Blindravinnustofunnar og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar.

Hátíðarsamkoman hófst á ávörpum frá forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni, formanni Blindrafélagsins, Sigþóri U. Hallfreðssyni, og félags- og barnamálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni. Samfélagslampi Blindrafélagsins var veittur Hljóðbókasafni Íslands og O. Johnson og Kaaber hf. Dagskráin var að öðru leyti fjölbreytt og hátíðleg og góð tónlistaratriði inn á milli og á undan. Góð mæting var á viðburðinn og vel yfir 300 félagsmenn, bakhjarlar og velunnarar félagsins þáðu afmælisboðið.

Menningar- og listadagskrá Blindrafélagsins í Tjarnarsal Ráðhússins á Menningarnótt var mjög vel heppnuð og gríðarlega vel sótt. Samkvæmt talningu í Ráðhúsinu komu vel yfir 10.000 manns í Ráðhúsið á meðan á viðburðinum stóð. Dagskráin hófst á ávörpum borgarstjóra Reykjavíkur, Dags B. Eggertssonar, og formanns Blindrafélagsins, Sigþórs U. Hallfreðssonar, en síðan tók við fjölbreytt dagskrá með tónlistaratriðum og myndlistarsýningu á vegum félagsmanna, kynningu á leiðsöguhundum og þrautabraut.

Tónlistarmennirnir stóðu sig allir með stakri þryði og málverkasýningin vakti verðskuldaða athygli. Leiðsöguhundarnir vöktu mikla athygli og hið sama má segja um sjónskerðingarglæraugun sem og völungarhúsið sem ótrúlegur fjöldi fólks fór í gegnum með sjónskerðingarglæraugu og hvítan staf. Þetta ásamt öðru sem til kynningar var í Tjarnarsalnum var uppspretta fjölmargra spurninga og vangaveltna og sjaldan ef nokkurn tíma áður hefur náðst að eiga gagnkvæmar samræður við jafnmarga um það sem snýr að okkur, blindum og sjónskertum.

Afmælið náði einnig góðri athygli fjölmiðla sem birtist m.a. í umfjöllun í prentmiðlum, útvarps- og sjónvarpsviðtölum, að ógleymdum miðlum félagsins.

### ***Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar***

Heimsfaraldurinn af völdum kórónuveirunnar sem orsakar COVID-19 veikina hefur haft mikil áhrif á starfsemi félagsins eins og alls samfélagsins. Blindrafélagið mætti þessum aðstæðum af fullri alvöru og áður en samkomubann var sett á höfðum við slegið á frest öllu hefðbundnu félagsstarfi. Í samræmi við tilmæli sóttvarnayfirvalda var síðan gripið til frekari ráðstafana til að lágmarka smithættu og verja félagsmenn og þá sem sækja vinnu eða búa í Hamrahlíð 17. Meðal annars var bæði afgreiðslunni og mótuneytinu lokað og starfsmenn látnir vinna að heiman. Félagsmenn sem þurftu á aðstoð eða þjónustu félagsins að halda voru jafnframt hvattir til að hafa samband við skrifstofuna og öllum erindum sinnt með fjarþjónustu eins og kostur var. Einnig var aukið við starfshlutfall trúnaðarmanna. Blindravinnustofan gerði sömuleiðis viðeigandi ráðstafanir en þar jókst álagið mikið vegna aukinnar eftirspurnar eftir vörum.

### ***Félagsfundir***

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir.

Fyrri fundurinn var haldinn 14. nóvember 2019 þar sem aðalumfjöllunarefnið var annars vegar niðurstöður könnunar og skýrslu Kolbeins Stefánssonar um fjöldapróun örorkulífeyrisþega og breytingar á forsendum almannatryggingakerfisins undanfarna áratugi. Hins vegar var gerð grein fyrir starfi SÍM, sem er hópur fagfólks sem vinnur að fyrsta áfanga íslenskrar máltækniáætlunar, og hvaða afurðir muni koma út úr fyrsta áfanga máltækniáætlunarinnar.

Seinni fundurinn var haldinn 19. febrúar 2020 og var eitt aðalumfjöllunarefnið umfjöllun og umræður um frumvarp til nýrra laga um leigubifreiðar. Hvað vakir fyrir löggjafanum og hvaða áhrif gætu lögin haft? Í framhaldi af því var kynning á dagskrá á ráðstefnunum RIWC2020 og NOK2020 í Hörpu 5.-7. júní.

## ***Samstarfsfundir***

Reglulegir samstarfsfundir stjórnar, nefnda og deilda félagsins hafa lengi verið fastur liður í skipulagningu innra starfs félagsins og er komin góð reynsla á þetta fyrirkomulag. Megintilgangur þessara funda er að kynna og samræma allt það fjölbreytta starf sem unnið er innan Blindrafélagsins. Samstarfsfundirnir eru að jafnaði haldnir í september og janúar og tækifærið hefur einnig gjarnan verið notað til að brjóta fundina upp með fræðslufyrirlestrum sem eiga erindi við fundarmenn eða stefnumótandi umræðum.

Á samráðsfundinum 13. september 2019 var að venju byrjað á að fara yfir starfið og viðburði sem áformaðir væru á misserinu. Síðan var þátttakendum skipt í hópa sem unnu með þemað *Stuðningur til sjálfstæðis*.

Á samráðsfundi 17. janúar var auk hefðbundinnar dagskrár athyglinni beint að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Til grundvallar lá upplýsingarit um sáttmálann og efni hans út frá sjónarhóli blindra og sjónskertra sem gefið er út af EBU (Evrópsku blindrasamtökunum) og Blindrafélagið hefur látið þýða. Sigurjón Unnar Sveinsson, lögfræðingur ÖBÍ, fjallaði um helstu ákvæði sáttmálans og í framhaldi af erindi hans voru umræður og fyrirspurnir.

Samstarfsfundirnir voru að venju vel sóttir, vel yfir 30 manns á hvorum fundi, og almenn ánægja með hvernig til tókst

## ***Samstarf við Fjólu***

Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, hefur starfsaðstöðu sína á skrifstofu Blindrafélagsins. Náið samstarf félaganna byggir á áralangri hefð sem hefur verið fest í sessi með formlegum og gagnkvæmum samstarfssamningi. Samkvæmt samningnum hafa félögin með sér nána samvinnu um sameiginleg málefni og gagnkvæma upplýsingagjöf. Félagsmönnum beggja félaganna býðst að taka gagnkvæman þátt í viðburðum félaganna eftir því sem við á, auk þess sem Blindrafélagið veitir Fjólu rekstrarstyrk sem nemur afnotum Fjólu af skrifstofurými og annarri aðstöðu í Hamrahlíð 17. Fjóla var stofnuð 15. mars 1994, fagnaði því aldarfjórðungsafræmli á síðasta ári og af því tilefni færði Blindrafélagið Fjólu veglegan fjárstuðning til styrktar starfsemi félagsins.

## *Alþjóðasamstarf*

Alþjóðasamtök sem Blindrafélagið á aðild að halda ársfundi sína ýmist á tveggja eða fjögurra ára fresti. Aðalfundur EBU, Evrópsku blindrasamtakanna (European Blind Union), var haldinn í október 2019. Aðalfundur og ráðstefnu Retina International, RIWC2020, var ráðgert að halda í Reykjavík í byrjun júní 2020 í samstarfi við norræna augnlæknaþingið NOK2020 sem vera átti á sama tíma. Eins og kunnugt er var ráðstefnunum frestað til 2022 vegna kórónuveirufaraldursins en aðalfundur RI verður haldinn sem fjárfundur í haust. **Aðalfundi WBU, Alheimssamtaka blindra** og sjónskertra (World Blind Union), sem vera átt í júní 2020 hefur verið frestað af sömu ástæðu þar til í maí 2021.

Félagið hefur til langs tíma tekið virkan þátt í samstarfsfundum forystumanna norrænu blindrafélaganna (NSK), kvennanefndarinnar (NKK) og ungmennanefndarinnar (NUK). Þessar nefndir hittast að jafnaði tvisvar á hverju starfsári. Fulltrúar Blindrafélagsins á þessum vettvangi eru formaður, varaformaður, alþjóðafulltrúi, formaður jafnréttisnefndar og formaður UngBlind. Annað hvert ár er þetta samstarf útvíkkað og efnt til ráðstefnu á vegum norrænu blindrasamtakanna. Síðasta ráðstefna var haldin í Svíþjóð í ágúst 2019 þar sem þemað var tækifærin og ógnanirnar sem skapast fyrir blint og sjónskert fólk samfara hinni öru tækniþróun og snjalltækjavæðingu. Næsta ráðstefna er áætluð í Finnlandi 2021 og þar verður unnið með endurhæfingu sem þema.

Á vegum kvennanefndarinnar NKK er efnt til kvennaráðstefnu annað hvert ár og er næsta ráðstefna áætluð í september næstkomandi á Íslandi.

Árlegur samráðsvettvangur forystumanna norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Færeyjum í ágúst.

Allir samráðsviðburðir á vegum norrænu samtakanna eru haldnir til skiptis í hverju landi fyrir sig.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK), Nordisk kvinnokommitté (NKK) og Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

## ***Ferðapjónusta Blindrafélagsins***

Skilvirk ferðapjónusta er eitt mikilvægasta réttindamálið að mati félagsmanna til að þeir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Samningur um ferðapjónustu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar var fyrsti og umfangsmesti samningurinn sem félagið hefur gert um ferðapjónustu og hefur verið fyrirmynd að samningum við fleiri sveitarfélög. Mikil ánægja er á meðal notenda með þessa útfærslu á þjónustunni og hafa kannanir á meðal félagsmanna staðfest það.

Í mars sl. samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að gera við Blindrafélagið samsvarandi ferðapjónustusamning og í gildi er við Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Seltjarnarnesbæ um ferðapjónustu fyrir lögblinda íbúa í Hafnarfirði.

Áfram verður unnið að því að koma á samningi um ferðapjónustu við önnur sveitarfélög þar sem byggt er á þessari góðu reynslu. Félagið á enn í viðræðum við Mosfellsbæ og áhersla hefur einnig verið á að aðstoða lögblinda einstaklinga búsetta á landsbyggðinni við að fá viðunandi ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir eiga þangað erindi.

Aldrei verður of oft minnt á að til að félagið geti beitt sér verður að vera til staðar þörf á þjónustunni. Viðunandi ferðapjónusta er skylda sveitarfélagsins og réttur einstaklingsins og til að félagið geti beitt sér þarf félagsmaður sem á rétt á ferðapjónustu fyrst að hafa látið reyna á þann rétt sinn.

## ***Leiðsöguhundaverkefnið***

Leiðsöguhundaverkefnið er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Á síðasta starfsári keypti Blindrafélagið þrjá nýja leiðsöguhunda frá Svíþjóð og afhenti Miðstöðinni sem úthlutaði þeim til notenda. Á þessu ári er gert ráð fyrir að kaupa tvo til þrjá hunda. Alls hefur 13 leiðsöguhundum verið úthlutað frá árinu 2008 þegar þetta samstarfsverkefni hófst. Þar af eru sjö þeirra í vinnu núna en hinir hafa lokið starfsævi sinni. Þrír leiðsöguhundar hafa verið ræktaðir og þjálfaðir hér á landi en annars hafa hundarnir komið hingað til lands frá Noregi og Svíþjóð. Sala á



dagatali Blindrafélagsins er helguð þessu verkefni og einnig hefur leiðsöguhundaverkefnið notið góðs af velvilja Blindrafinafélagsins, Lions-hreyfingarinnar, fyrirtækja og almennings.

Leiðsöguhundaverkefninu lýkur í raun aldrei því að stöðugt þarf að huga að endurnýjun hundanna sem eru í vinnu, auk þess sem mun fleiri hundar ættu að vera í vinnu hér á landi en raunin er í samanburði við nágrannalöndin. Leiðsöguhundaverkefnið hefur borið öll einkenni þess að vera eins konar átaksverkefni sem ráðist er í hverju sinni en nú hefur verið mótuð áætlun til næstu 10 ára um úthlutun leiðsöguhunda og væntingar eru um aukna þátttöku ríkisins við útvegum þeirra. Á afmælishátíð Blindrafélagsins var skrifað undir samstarfssamning við ráðuneytið sem vonir standa til að verði framlengdur ár hvert.

Lengi hefur blasað við nauðsyn þess að rýmka reglur um innflutning á dýrum til að gefa notendum leiðsöguhunda eðlilegt svigrúm til að ferðast með leiðsöguhunda sína til og frá landinu án íþyngjandi regluverks. Blindrafélagið hefur lengi þrýst á um þetta málefni. Á grundvelli áhættumats sem stjórnvöld létu gera hefur verið gefin út ný reglugerð sem kveður á um að skilyrði um sóttkví við komu til landsins sé stytta úr fjórum vikum í tvær og einnig er notendum leiðsöguhunda heimilt að hafa sinn hund í heimasóttkví að uppfylltum skilyrðum. Þótt við hefðum gjarnan viljað sjá þessar reglur rýmkaðar meira varðandi leiðsöguhundana verður að líta á þetta sem góðan áfangasigur í afar íhaldssömu umhverfi.

Hafa verður í huga að leiðsöguhundur er fyrst og fremst hjálpartæki þó að vissulega verði hann einnig í öllum tilfellum sálufélagi og heimilisvinur.

### ***Framkvæmdir á Hamrahlíð 17***

Á haustmánuðum 2017 lét stjórn Blindrafélagsins gera ástandsmat á ytra byrði Hamrahlíðar 17 sem leiddi í ljós að veruleg viðhaldspörf var komin á húsið. Í framhaldinu var ákveðið að skipta verkinu upp í áfanga og forgangsraða þeim út frá ástandi viðkomandi byggingarluta.

Framkvæmdirnar sem hófust á vormánuðum 2018 gengu ágætlega og lauk fyrsta áfanga um haustið. Ákveðið var að halda áfram með verkið og ljúka því í einum áfanga. Jafnframt hefur almennt rými innanhúss, þ.e. fundarsalur, mötuneyti og stigagangur, verið málað. Í upphafi framkvæmdanna voru væntingar um að klára þessar umfangsmestu viðhaldsframkvæmdir sem ráðist hefur verið í á Hamrahlíð 17 fyrir 80 ára afmælisdag félagsins þann 19. ágúst 2019. Það gekk eftir og var einkar

ánægjulegt að geta skilað fjöregginu, Hamrahlíð 17, í góðu ástandi til komandi kynslóða í Blindrafélaginu. Jafnframt þessu hefur verið unnið að því að undirbúa mögulega stækkun hússins með því að byggja inndregna hæð ofan á 5. hæðina. Búið er að samþykkja breytingu á deiliskipulagi sem heimilar hækkun hússins og verið er að hefja vinnu að hönnun stækkunarinnar en ekki hefur ennþá verið tekin endanleg ákvörðun um að ráðast í þessar framkvæmdir.

### ***Alþjóðlegi sjónverndardagurinn, ráðstefna um heilatengda sjónskerðingu***

Alþjóðlegi sjónverndardagurinn er haldinn annan fimmtudag í október ár hvert en tilgangur hans er að vekja athygli á sjón og sjónvernd og málefnum blindra og sjónskertra. Að þessu sinni stóð Blindrafélagið ásamt Miðstöðinni að ráðstefnu um heilatengda sjónskerðingu (CVI).

Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á CVI á meðal almennings og fagfólks og hvetja til árvekni gagnvart því hversu algengt er að CVI sé vangreint og stundum ranglega greint og hvað snemmtæk íhlutun er mikilvæg til að ná sem bestum árangri við að þroska sjónúrvinnsluna.

Blindrafélagið bauð sérstaklega dr. Roman-Lantzy frá Bandaríkjunum til ráðstefnunnar til að fjalla um hvað CVI eða heilatengd sjónskerðing er. Dr. Roman-Lantzy hefur sérhæft sig í einkennum CVI, matstækjum og kennslu.

Eiginmaður hennar, dr. Lantzy, fjallaði um orsakir CVI en hann er barnaskurðlæknir sem hefur sérhæft sig í nýburum.

Estella D. Björnsson og dr. Roxana Cziker sögðu frá „Teach CVI“ Erasmus+ samstarfsverkefni um matstæki og kennsluefni. Einnig fjallaði dr. Roxana Cziker um börn á Íslandi með CVI og Estella fór yfir tölfræði um CVI á Íslandi og þjónustu í boði hjá Miðstöðinni.

Félagsmennirnir Hjalti Sigurðsson og Dagbjört Andrésdóttur sögðu frá eigin reynslu og upplifun af CVI.

Viðburðurinn stóð algerlega undir öllum markmiðum. Mjög góð þátttaka var bæði af hálfu leikmanna og fagfólks og þarna voru barna- og augnlæknar, sérkennarar og fleiri stéttir sem markmiðið var að ná til. Viðburðurinn og CVI fékk einnig mjög góða umfjöllun í fjölmiðlum. Daginn eftir voru síðan vinnustofur með dr. Roman-Lantzy fyrir fagfólk annars vegar og hins vegar fyrir foreldra og fólk með CVI



## ***Dagur hvíta stafsins***

Alþjóðlegur baráttu- og vitundardagur blindra og sjónskertra, Dagur hvíta stafsins, er 15. október ár hvert. Af því tilefni var fjölbreytt dagskrá á vegum Blindrafélagsins og Miðstöðvarinnar í Hamrahlíð 17. Flutt voru ávörp og erindi um hvíta stafinn og punktaletur og boðið upp á opinn hljóðnema þar sem fólki gafst tækifæri til að miðla reynslu sinni. Sett var upp sýning og gefið tækifæri til að prófa mismunandi gerðir af hvítum stöfum, punktaletur, tölvutengd hjálpartæki, sjónhjálpertæki og önnur hjálpartæki.

Til að vekja athygli út á við voru birtar viðhorfsmótandi auglýsingar á samlesnum rásum RÚV til að leggja áherslu á að hvíti stafurinn er valdeflandi verkfæri sem styður notendur til sjálfstæðis. Sett var saman myndband af notanda á gangi með hvíta stafinn. Vala Jóna Garðarsdóttir, umferliskennari á ÞPM, birti grein á [www.visir.is](http://www.visir.is) sem heitir „Dagur hvíta stafsins“ um stafinn og mismunandi gerðir hans.

Dagskráin í Hamrahlíðinni var fjölbreytt og vel sótt.

Viðhorfsauglýsingarnar, myndbandið og blaðagreinin vöktu síðan athygli á málefninginu út á við.

Til að hvetja félagsmenn til að prófa sig áfram með hvíta stafinn hefur sérstakur glaðningur verið í boði fyrir þá sem mættu með hvíta stafinn á ýmsa viðburði hjá félaginu í vetur. Þetta hefur tekist vel til og vakið tilætlaða athygli.

## ***Alþjóðlegir sáttmálar og tilskipanir um réttindi fatlaðs fólks***

Alþingi samþykkti í september 2016 þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) en samninginn, sem er mannréttindasamningur, höfðu íslensk stjórnvöld undirritað árið 2007. Til að samningurinn verði okkur gott verkfæri í réttindabaráttunni þarf Alþingi að reka af sér slyðruorðið og lögfesta gildi hans. Það hefur þingið hins vegar ekki gert ennþá 13 árum eftir að samningurinn var undirritaður.

Sama staðan er reyndar uppi með Marrakesh-sáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundarréttarvörðu efni.

Aðgengistilskipun Evrópusambandsins (EU accessibility act) sem og vefaðgengistilskipunina (EU web accessibility directive) á einnig eftir að

innleiða í íslenska löggjöf. Á meðan svona er í pottinn búið er það eitt af mikilvægustu verkefnum Blindrafélagsins með öðrum samtökum fatlaðra að þrýsta á stjórnvöld um að flýta þessu ferli.

### **Aðgengismál**

Aðgengismál hafa alla tíð verið meginþráðurinn í réttindabaráttu Blindrafélagsins. Aðgengilegt umhverfi og upplýsingar á reiðum höndum eru lykillinn að samfélagi nútímans. Það hefur kristallast enn betur en áður í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar þegar margs konar þjónusta, verslun og starfsemi hefur færst inn í hina stafrænu veröld í ríkara mæli en áður hefur þekkt.

Í janúar 2019 var ákveðið að efla enn frekar aðgengisteymi Blindrafélagsins með ráðningu starfsmanns í nýja stöðu aðgengisfulltrúa. Í upphafi var þetta hugsað sem tilraunaverkefni en hefur nú verið gert að varanlegri stöðu.

Ráðningin styrkir aðgengisteymi félagsins sem sinnir margvíslegum verkefnum er lúta að ferilfræðilegu jafnt sem stafrænu aðgengi.

Á vettvangi Evrópsku blindrasamtakanna (EBU) og Alheimssamtaka blindra og sjónskertra (WBU), sem Blindrafélagið á aðild að, er einnig mikið starf í gangi varðandi aðgengismál sem við fylgjumst vel með.

Blindrafélagið hefur allt frá upphafi tekið virkan þátt í starfi sjálfseignarstofnunarinnar Almennaróms og löngum átt þar fulltrúa í stjórn. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur falið Almennarómi að reka miðstöð máltækniáætlunar í íslensku 2018–2022. Markmið áætlunarinnar er að tryggja að hvers kyns tæki og töl tali og skilji íslensku. Hafið er útboðsferli fyrir smíði fjögurra kjarnalausna í íslenskri máltækni sem felur í sér talgreiningu, talgervingu, vélþýðingu, stafsetningu og málfarsleiðréttingu auk málfanga og stuðningsverkfæra. Þetta verkefni er afar mikilvægt og mun Blindrafélagið styðja við það áfram af öllum mætti.

### **Málstofur og fræðslufyrirlestrar**

Margvíslegt fræðslu- og kynningarstarf hefur löngum verið stór hluti af verkefnum félagsins sem þannig hefur stuðlað að fræðslu og umræðu um málefni blindra og sjónskertra. Í framhaldi af málstofu um punktaletur

Í janúar á síðasta ári var ákveðið að setja af stað röð málstofa um ýmis málefni sem varða félagsmenn og síðan bættust við fræðslufundir á vegum heilsuklúbbsins.

Eftirfarandi málefni hafa verið á dagskrá:

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun félagasamtaka.
- Ný tækni og snjallvæðing.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, námsefni frá EBU.
- Heilatengd sjónskerðing.
- Heilsusamlegt fæði.
- Betri svefn.
- Streita og streitulosun.

Fleiri fyrirlestrar voru fyrirhugaðir sem fresta varð vegna COVID-19.

### ***Samstarfssamningurinn við Íþróttasamband fatlaðra***

Blindrafélagið og fleiri aðilar gerðu tímamótasamning við Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) árið 2018 vegna undirbúnings Patreks A. Axelssonar og Más Gunnarssonar fyrir Ólympíumót fatlaðra í Tokyo 2020. Markmiðið var að skapa fötluðum afreksíþróttamönnum sömu aðstæður og ófötluðu afreksfólki, aðstæður sem taldar eru nauðsynlegar til að afreksíþróttamenn hafi möguleika á að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Már og Patrekur eru báðir félagar í Blindrafélaginu, Már keppir í sundi og Patrekur í spretthlaupum. En margt fer öðruvísi en ætlað er og nú hefur Ólympíuleikunum verið frestað um ár vegna útbreiðslu kórónuveirunnar.

Már og Patrekur hafa hvor um sig verið sér og íþrótt sinni til sóma og hafa áfram góða möguleika á að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíumóti fatlaðra í Tokyo 2021 að því gefnu að þeim verði áfram skapaðar viðeigandi aðstæður til að æfa og keppa og að þeir leggi áfram jafn hart að sér og hingað til.

## ***Bakhjarlar***

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú 5.000–6.000 manns. Eins og aðrir félagsmenn greiða allir bakhjarlar félagsgjald og njóta ýmissa hlunninda í samræmi við það.

Bakhjarlarnir hafa reynst Blindrafélaginu ákaflega mikilvægir stuðningsaðilar en ekki síður sem málsvarar félagsins og tengiliðir við samfélagið. Aðild að Blindrafélaginu, sem bakhjarl, er einnig góð leið fyrir sjónskerta einstaklinga sem hafa betri sjón en skilgreindu mörkin eru fyrir fullri félagsaðild. Bakhjarlar geta tekið fullan þátt í starfi félagsins og gegnt öllum trúnaðarstörfum fyrir utan formennsku.

Frá síðasta hausti hefur verið í gangi umtalsverð vinna við að breyta og uppfæra bakhjarlakerfið um leið og átak er í gangi með að laða fleiri bakhjarla að félaginu.

## ***Jafningjastuðningur, trúnaðarmenn og stuðningsnetið***

Allt félagslíf innan Blindrafélagsins er öðrum þræði jafningjastuðningur í verki en einnig hefur félagið um árabíl haldið úti markvissu og öfluggu trúnaðarmannakerfi. Nú starfa þrír trúnaðarmenn hjá félaginu. Markmið þeirra er að hafa reglulegt samband við félagsmenn að fyrra bragði, rjúfa einangrun og veita jafningjastuðning, gefa upplýsingar og aðstoða eftir föngum. Í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar hefur félagið tvöfaldað stöðugildi trúnaðarmanna til að geta lagt félagsmönnum enn öflugra lið á tímum sem reyna virkilega á allt samfélagið.

Blindrafélagið er einnig aðili að Stuðningsneti sjúklingasamtakanna fyrir fólk sem greinst hefur með og glímir við erfiða sjúkdóma eða aðstæður eftir slyss og aðstandendur þeirra.

Stuðningsnetið er sjálfboðaliðastarf sem hefur svipað hlutverk og trúnaðarmannakerfið.

Markmið Blindrafélagsins með þátttöku í Stuðningsnetinu er að koma upp teymi stuðningsfulltrúa sem verða viðbót og útvíkkun á trúnaðarmannakerfi félagsins, líkt og félagslegir trúnaðarmenn voru á árum áður, ekki síst til að koma til móts við fólk sem skyndilega stendur frammi fyrir breyttum aðstæðum en er ekki orðið félagsmenn í Blindrafélaginu og þar með ekki komið með trúnaðarmann.

## ***Nýir klúbbar***

Félagsstarf á vegum rótgróinna klúbba, nefnda og deilda var sérstaklega blómlegt og fjölbreytt á undanfögnu starfsári. Tveir nýir klúbbar hafa nú bæst við flóruna og sá þriðji, Punktaletursklúbbur, er í farvatninu. Í haust var komið á fót Klassíska tónlistarklúbbi Blindrafélagsins sem hefur það að markmiði að leiða saman þá félagsmenn sem yndi hafa af klassískri tónlist, efna til kynningarkvölda og ferða á tónleika svo eitthvað sé nefnt. Klúbburinn hefur farið mjög vel af stað og mælst vel fyrir. Í janúar síðastliðnum hóf síðan Heilsuklúbburinn starfsemi sína. Markmið hans er að hvetja félagsmenn til heilsusamlegs lífsstíls og skapa jafnframt tækifæri til líkamsþjálfunar og hvers konar fræðslu sem miðar að bættri andlegri líðan og líkamlegri heilsu. Á vegum Heilsuklúbbsins hefur verið boðið upp á stafastuð sem eru teygjuæfingar, styrktarþjálfun, jógaæfingar, slökun og danstíma ásamt fræðsluerindum. Komið hefur verið upp aðstöðu í Hamrahlíðinni til léttra líkamsæfinga sem félagsmenn hafa aðgang að.

Þessir nýju klúbbar eru kærkomin viðbót í fjölbreytt og gróskumikið félagsstarf innan Blindrafélagsins og hvatning til drífandi félagsmanna um að taka sig saman um áhugamál sín og finna þeim farveg innan nýrra klúbba.

## ***Samstarfsaðilar***

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild að eða aðkomu að stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almanarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

- Öryrkjabandalag Íslands.

### **Útgáfumál og upplýsingaflæði**

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öflugum upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

Frá árinu 2017 hafa félags- og aðalfundir verið aðgengilegir í beinni útsendingu í vefvarpi Blindrafélagsins. Þar með gefst félagsmönnum á landsbyggðinni og öðrum sem ekki eiga heimangengt tækifæri til að fylgjast enn betur með því sem er um að vera innan Blindrafélagsins.

Þar að auki eru öllum meginviðburðum á vegum félagsins jafnan gerð góð skil á miðlum félagsins.

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, er gefið út tvisvar á ári og er dreift til 15.000 lesenda. Auk þess að vera mikilvæg upplýsingaveita til almennings hefur útgáfa Víðsjár reynst góð stoð í fjáröflunum félagsins.

Hljóðbrot, nýtt hljóðtímarit Blindrafélagsins og tilraunahlaðvarp á vegum félagsins, hóf göngu sína síðastliðið vor og kemur að jafnaði út mánaðarlega. Efnistökin eru fjölbreytt með viðtölum og frásögnum og ýmiss konar fróðleik um hin fjölbreyttustu efni. Hljóðbrotið er birt í vefvarpi Blindrafélagsins og á heimasíðu félagsins, [www.blind.is](http://www.blind.is). Valdar greinar eru sendar út til félagsmanna á geisladiskaformi og innihalda Hljóðbrotið ásamt öðru völdu efni af miðlum félagsins.

Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum og er fyrst og fremst ætlað að koma á framfæri við félagsmenn upplýsingum um það sem er um að vera á vettvangi félagsins næstu dagana. Fréttabréfið er eingöngu gefið út rafrænt og sent til áskrifenda með tölvupósti, auk þess sem það birtist í vefvarpinu og á heimasíðu félagsins.

Heimasíðan er mikilvægur vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við bæði félagsmenn og almenning, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.

Félagið hefur í síauknum mæli nýtt sér fésbókarsíðu sína til að koma efni á framfæri við almenning.

Vefvarp Blindrafélagsins er einnig mjög mikilvægt verkfæri til að koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna.

## **Réttindagæsla**

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið boðið félagsmönnum sínum upp á aðstoð við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum hefur lögmaður félagsins komið fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

## **Lokaorð**

80 ára afmælisárið reyndist félaginu hagstætt og árangursríkt. Reglubundinn rekstur félagsins gekk vel. heildarniðurstaða ársreikninganna ber með sér áhrif nýrra kjarasamninga og aukinnar starfsemi félagsins en eru engu að síður okkur hagfelld. Rekstur Blindravinnustofunnar hefur einnig gengið vel líkt og á undanförunum árum og er það mjög ánægjulegt og okkur afar mikilvægt.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég starfsfólki félagsins einlægur þakkir fyrir vel unnin störf og trúmennsku í garð félagsins og félagsmanna. Velunnurum félagsins eru jafnframt færðar innilegar þakkir fyrir dýrmætan stuðning. Sömuleiðis færi ég stjórnarmönnum mínar bestu þakkir fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu.

Félagsmönnum sem gert hafa starfsemi Blindrafélagsins jafn blómlegt og raun ber vitni færi ég kærar þakkir fyrir sitt verðmæta framlag.

Forsvarsmenn deilda, nefnda og klúbba félagsins, sem borið hafa hitann og þungann af starfinu eiga heiður skilinn sem og allir þátttakendur í félagsstarfinu. Hinn gagnkvæmi jafningjastuðningur sem fæst með góðri og víðtækri þátttöku félagsmanna er ómetanlegur og gefandi.

Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn og jafnframt einkunnarorð og megintilgang félagsins sem er stuðningur til sjálfstæðis.

F.h. stjórnar Blindrafélagsins,

Sigpór U. Hallfreðsson, formaðu



## Starfsemi skrifstofu

Heildarvelta félagsins á árinu 2019 nam 245,4 m.kr. sem er 4,38% aukning frá 2018. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 10,8 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman neikvæð um 6,3 m.kr. Alls störfuðu 23 einstaklingar hjá félaginu á árinu sem voru að meðaltali í 14,3 stöðugildum.

Á árinu urðu þær breytingar á starfsmannahaldi að Arnheiður Björnsdóttir og Rósa María Hjörvar létu af störfum hjá félaginu. Fjórir nýir starfsmenn voru ráðnir til félagsins undir lok ársins. Þeir eru Hlynur Þór Agnarsson sem ráðinn var í 100% starf aðgengisfulltrúa, Joanna Maria Gancarek sem ráðin var í ræstingu, Mónica Elísabet Kjartansdóttir sem ráðin var í afgreiðsluna í 50% starf og Þorkell Jóhann Steindal sem ráðinn var í 25% starf til að sinna Hljóðbroti, nýjum miðli á vettvangi félagsins.

Starfsmenn félagsins á árinu voru:

Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi.

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi.

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður.

Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.

Guðvarður B. Birgisson, húsvörður.

Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.

Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.

Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðapjónustunnar.

Hjalti Sigurðsson, umsjónarmaður Opins húss og félagsmálafulltrúi.

Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.

Jón Helgi Gíslason, trúnaðamaður.

Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.

Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.

Kristín Waage, bókari.

Lára Kristín Lárusdóttir, afgreiðsla og sala hjálpartækja.

Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.



Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og deildafulltrúi.

Rósa María Hjörvar, ritstjóri Víðsjár.

Sigbór U. Hallfreðsson, formaður.

Pórkatla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Samkvæmt mælingum fær skrifstofa félagsins að jafnaði um 7000 símtöl yfir árið, um 650-700 símtöl berast á mánuði yfir vetrartímann sem gerir um 30-35 símtöl á dag að jafnaði, en yfir hásumartímann eru innhringingar um það bil 10-15 símtöl á dag að jafnaði.

Um nokkurra ára skeið hefur það verið stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum með þeim hætti að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir eru upp hér fyrir ofan eru 12 blindir eða sjónskertir. Líklega hafa aldrei jafn margir blindir og sjónskertir einstaklingar starfað hjá félaginu.

### ***Fyrirtækjakönnun VR.***

Fyrirtækjakönnun VR er könnun sem gerð er meðal starfsfólks og mælir fjölmarga þætti sem snúa að stjórnun og starfsaðstæðum á vinnustöðum.

Í könnun VR fyrir árið 2019 hækkaði heildareinkunn Blindrafélagsins úr 4,3 í 4,41 sem er 2,6% bæting, jafnframt var þátttaka í könnuninni 88% en hafði verið 78% árið á undan.

Þeir þættir sem voru mældir meðal starfsfólks voru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnutíma, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og jafnrétti. Blindrafélagið mældist með hærri einkunn en áður og fékk heildareinkunnina 4,43 af 5 mögulegum.

Meðaltalsheildareinkunn allra fyrirtækja var 4,25 og fyrirtækja í sama stærðarflokki 4,37. Skipt niður á þætti var mælingin eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Plús- eða mínustölur sem eru innan sviga sýna mun á meðaltali Blindrafélagsins og meðaltali fyrirtækja í sama stærðarflokki.

Stjórnun: 4,53 (+0,10). Breyting frá seinasta ári +0,21.

Starfsandi: 4,40 (-0,10). Breyting frá seinasta ári +0,12.

Launakjör: 3,39 (-0,25). Breyting frá seinasta ári +0,10.

Vinnuskilyrði: 4,33 (+0,01). Breyting frá seinasta ári +0,33.

Sveigjanleiki í vinnu 4,65 (+0,04). Breyting frá seinasta ári +0,16.

Sjálfstæði í starfi: 4,65 (+0,17). Breyting frá seinasta ári +0,02.


Ímynd fyrirtækis: 4,69 (+0,22). Breyting frá seinasta ári +0,18.

Ánægja og stolt: 4,52 (+0,03). Breyting frá seinasta ári +0,23.

Jafnrétti: 4,57 (+0,18). Breyting frá seinasta ári +0,10.

Heildareinkunn: 4,41 (+0,04). Breyting frá seinasta ári +0,14.

## Niðurstöður – samanburður við öll fyrirtæki og fyrirtæki í sama stærðarflokki.



### Ferðapjónusta Blindrafélagsins

Í lok ársins 2019 voru 660 einstaklingar með ferðapjónustusamninga. Þar af eru 99, sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 20% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 118 á ferð.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyrarbær	1,238,295	860	1,440
Akureyrarbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	29,065	6	4,844
Bláskógabyggð	71,139	33	2,155
Blöndósbær	1,880	1	1,880
Garðabær	2,993,384	793	3,774
Hafnarfjörður	1,720,256	595	2,891
Ísafjarðabær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	10,160	3	3,385
Kaldrananeshreppur ferðir á höfuðborgarsvæðinu	145,576	88	1,654
Kópavogsbær	11,246,312	5,398	2,083
Kópavogsbær A kort	1,554,202	766	2,029
Reykjavíkurborg	88,000,610	38,138	2,307
Seltjarnanesbær	1,550,276	687	2,256
Seltjarnanesbær A kort	1,758,898	857	2,052
Stykkishólmubær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	35,064	15	2,337
Sveitarfélagið Árborg ferðir á höfuðborgarsvæðinu	2,384	2	1,192
Vestmannaeyjar ferðir á höfuðborgarsvæðinu	87,752	31	2,830
<b>Samtals</b>	<b>110,445,253</b>	<b>48,273</b>	<b>2.288</b>
Notendur með 20% afslátt	1,524,118	605	2,519

## Vörusala og tækjaleiga

### Vörusala

Tekjur af vöru-, þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 18,3 milljónir króna. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskerta í huga eins og til dæmis aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auk selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki, svo sem eins og Vefvarpið og lestæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

### Handi friendly

Um mitt ár 2018 tók Blindrafélagið við umboði fyrir aðgengisvörur frá tékkneska fyrirtækinu Handi Friendly sem að sérhæfir sig í upphleyptum merkingum á gólf og stéttir, svo sem eins og fjölbreytt úrval af leiðarlínum

og bóllum til notkunar innanhúss sem utan. Frá því að félagið tók við þessu umboði hafa verið seldar vörur fyrir 2,2 mkr.

### **Tækjaleiga**

---

Vefvarp Blindrafélagsins: Blindrafélagið kaupir vefvarpstæki frá Hollandi og leigir þau svo út til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar sem svo úthlutar þeim sem hjálpartækjum. Nokkrir einstaklingar leigja jafnframt vefvarpstæki. Þessi starfsemi hefur verið vaxandi. Í loks árs 2019 voru yfir 300 vefvarpstæki í notkun.

### **Þjónustusamningar og fengnir styrkir**

#### **Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2019**

---

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarráðuneytið sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins sem að miðar að stuðningi til sjálfstæðis. Fyrir árið 2019 var þjónustusamningur upp á 9 milljónir króna..

#### **Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg**

---

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2019 hljóðaði upp á 3 m.kr.

#### **Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands**

---

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2019 var 6,2 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ eftirtalin verkefni Blindrafélagsins:

Undirbúningur fyrir RIWC2020 ráðstefnuna í Hörpu.

Samráðsfund norrænu Blindrasamtakana haldinn á Glym í Hvalfirði,

Að auk faglega rýni á aðgengileika rafrænnar þjónustu og vefsvæða og standa fyrir ráðstefnu um mikilvægi aðgengilegrar rafrænnar þjónustu.

Leiðsöguhundaverkefnið.

## Aðrir styrkir og gjafir

---

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

## Fjáraflokkadeild Blindrafélagsins

### Fjáraflokkir 2019

---

Segja má að rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir séu mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (54%) kemur í gegnum fjáraflokkir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2019 skiluðu fjáraflokkir félagsins 88,1 milljónum króna umfram beinan fjáröflunarkostnað á móti 86,6 milljónum króna árið á undan.

## Happdrætti

---

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári með útdrætti í júní annars vegar og desember hins vegar. Vorhappdrættið er með

minna sniði en hausthappdrættið. Í vorhappdrættið voru gefnir út 60.000 miðar

Hausthappdrættið var hins vegar í svipuðum dúr og árið á undan. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30 – 88 ára. Heildarupplag útgefinna miða var 157.000. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða.

Miðaverð var kr. 2.900. Happdrættið skilaði félaginu 21,8 m.kr afkomu á árinu, sem er nánast sama afkoma og 2018. Bæði 2018 og 2019 hafa skilað um 20% lakari afkomu en árin þar á undan og skýrist það aðallega af færri seldum miðum 2018 og aukningu í verðmæti út dreginna vinninga 2019.

### Víðsjá.

Á árinu komu út tvö tölublöð af Víðsjá, tímariti Blindrafélagsins. Var það árgangur nr. 11. Víðsjá kom fyrst út í tilefni af 70 ára afmæli félagsins árið 2009. Upplag blaðsins var svipað og undanfarin ár, um 15.000 eintök. Sem fyrr fylgdi blaðinu valkrafa sem viðtakendur gátu greitt, vildu þeir styrkja útgáfu blaðsins. Upphæð valkröfunnar var kr. 2.800, heimtur á valkröfum var um 30%. Vel gekk að selja auglýsingar og styrktarlínur á árinu, eins og undangengin ár. Vel er vandað til blaðsins sem er í hefðbundnu tímaritabroti og prentað á góðan pappír. Víðsjá er orðin ein af þýðingarmeiri tekjulindum fyrir félagið og skilaði útgáfan félaginu 23,1 m.kr. hagnaði á árinu 2019 á móti 21,4 milljónum króna árið 2018.

Tilgangur blaðsins er margþættur; fjáröflun og fræðsla en líka eins og í allri annarri starfsemi félagsins að virkja félagsmenn og sýna í verki að blindir og sjónskertir geti sinnt fjölbreyttum verkefnum og getur blaðið þannig virkað valdeflandi fyrir félagsmenn. Það er því ánægjulegt að sjá fleiri félagsmenn taka þátt á öllum stigum í framleiðslu blaðsins. Ritstjórar Víðsjár á árinu voru Friðrik Steinn Friðriksson og Rósa María Hjörvar.

### Jóla kort

Afkoma af jóla kortasölu versnaði nokkuð á árinu og skilaði félaginu 3,6 milljón króna í hagnað samanborett við 5 m.kr árið 2018. Ástæða liggur fyrst og fremst í samdrætti í sölu frá árinu á undan. Salan fer að mestu fram með útsendingu á jóla kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og

annarra áskrifenda, en alls voru sendir út um 3.200 pakkar ásamt valkröfum að upphæð kr. 2.800.

## Leiðsöguhundadagatöl

---

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins hefur verið gefið út frá 2012.

Dagatalið er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni

Blindrafélagsins og Þjónustu-og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2019 var dagatalið gefið út í 15.000 einstökum.

Sú nýjung var tekin upp að selja dagatölin einnig í kassasölu hjá Bónus og Samkaup á 1939 kr. Samtals seldust um 2000 eintök (um 90% sölunnar hjá Bónus). Send voru út 11.000 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.350 kr. Afkoma á árinu 2019 var jákvæð upp á 12,9 milljónir króna samanborið við 14,5 milljónir króna á árinu 2018. Upplag var um 18.000 eintök. Um 11.000 voru send á einstaklinga með valkröfu upp á 2.350 kr og um 7000 dagatöl fóru í kassasölu í Bónus og Nettó/Samkaup og voru seld þar á 1.939 kr. Alls seldust um 2.000 dagatöl.

Þrátt fyrir að afkoman af sölu dagatalanna hafi versnað um 1,6 m.kr þá seldust um 8.100 2019 dagatöl á móti um 7.500 2018 dagatöl.

Skýringanna er að leita í lækkun á verði dagatalsins. Ljóst er að nokkrir hagræðingamöguleikar eru til staðar í leiðsöguhundaverkefninu.

## Bakhjarlar

---

Bakhjarlakerfið skilaði í hagnað á árinu 2019 14,5 m.kr á móti 17,1 m.kr 2018.

Á árinu 2019 náðist að semja við TM um sjóntryggingu fyrir bakhjarla Blindrafélagsins. En fyrri sjóntrygging við erlenda tryggingafélagið AIG fékkst ekki endurnýjuð.

Einnig var á árinu gerður samningur við Miðlun um að taka að sér að bjóða núverandi bakhjörllum að uppfæra bakhjarlastuðning sinn úr 4000 kr. ársgjaldi í mánaðarlegt bakhjarlagjald upp á 1.000 kr. + fríðindi sem að fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging, Víðsjá og Leiðsöguhundadagatal.

## Fyrirtækjasöfnun

---

Leitað var til um 1.200 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Styrktarbeiðnir voru sendar út í júní 2019 þar sem fyrirtækin voru beðin um að styrkja félagið og sérstaklega fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir á húsi Blindrafélagsins. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 2,5 m.kr. en árið á undan var afkoman um 2,3 m.kr.

## Rekstur fasteigna

### Útleiga á húsnæði.

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2019 voru 57,7 milljón króna á móti 53,8 milljónum króna árið á undan. Leigutakar eru Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík, og Blindravinnustofan ehf, sem eru með leigurými á 1. hæð, auk þess sem þar eru skrifstofur Blindrafélagsins. Á 2. hæð eru Augnlæknar Reykjavíkur og Félagsheimili Blindrafélagsins.

Á annarri og þriðju hæð er 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn og voru þær allar í útleigu allt árið 2018. Tvær íbúðir losnuðu á árinu og voru þær auglýstar og endurleigðar.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi. Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 45%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 57%

Íbúð 304 (gestaherbergi): 24%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 39%

## Viðhaldsframkvæmdir utanhúss.

---

Árið 2017 ákvað stjórn Blindrafélagsins að láta fara fram úttekt á ytra byrði Hamrahlíðar 17. Niðurstaða úttektarinnar var að viðhaldspörf hússins væri upp á allt að 150 milljónir króna. Stærstu þættir viðhaldsins liggja í gluggaskiptum, múrviðgerðum og málun. Í desember 2017 var fyrsti áfangi af tveimur boðinn út og varð fyrirtækið Verkfar fyrir valinu enda með lágsta tilboðið. Stóðu framkvæmdir yfir frá maí fram í október. Megin hluti framkvæmdanna sneri að gluggaskiptum,



múrviðgerðum og málun á gamla húsinu. Suður gaflinn á nýja húsinu var þó líka tekinn. Jafnframt var nánast öll sameignin innanhúss máluð.

Á árinu 2019 var svo haldið áfram með framkvæmdir utanhúss, nú á framhúsinu. Var verkið unnið frá apríl til ágúst og lauk því á nokkurn veginn áætlun bæði hvað varðar tíma og kostnað. Öllum svalahurðum og opnanlegum fögum var skipt út og nýtt gler sett í alla glugga, auk steypuviðgerða og málunar.

Samtals var framkvæmdakostnaður 65,9 milljónir króna sem er 4,6 milljónir króna (8%) umfram áætlun. Múrviðgerðir reyndust töluvert umfangsmeiri (25%) en gert var ráð fyrir og skýrir það um það bil helming viðbótarkostnaðar. Umframkostnaður vegna trésmíði var til kominn vegna þess að breyta þurfti frágangi á gleri og fræsa glerfalsa. Heildarkostnaður með tækja og gámaleigu og eftirliti er 66,2 milljónir króna. Heildarkostnaðurinn við framkvæmdirnar er um 120 milljónir króna, en ekki 150 eins og frumkostnaðaráætlun hljóðaði upp á.

## ***Ársskýrsla 2019-2020 fyrir tæknimál Blindrafélagsins.***

### **Kynning.**

Starf tölvu- og tækniráðgjafa er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar hjá tækniráðgjafanum fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (ÞPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar við daglega notkun tölva og tækja.

Einnig er hægt að bóka viðtals-, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir til dæmis vefvarpsnotkun eða notkun talgervla.

## Talgervilsraddirnar Karl og Dóra.

---

Blindrafélagið hefur haldið áfram að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Þeir sem hafa rétt á endurgjaldlausri úthlutun þurfa að velja sér annaðhvort Karl eða Dóru. Hægt er síðan að kaupa hina íslensku röddina hjá Blindrafélaginu fyrir þá sem vilja.

Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geta keypt stakar raddir eða pakka með báðum röddunum í gegnum skrifstofu Blindrafélagsins eða í vefverslun Blindrafélagsins.

Árið 2019 voru úthlutaðar og seldar um 150 raddir. Frá byrjun hafa um 2000 einstaklingar og fyrirtæki keypt eða fengið úthlutað röddum af Blindrafélaginu.

## Vefvarp Blindrafélagsins.

---

Sá merki áfangi náðist í kringum áramótin 2019-2020 að yfir 300 tæki voru komin í notkun. Í heildina eru nú um 310 tæki í láni hjá félaginu og er áfram aukning á milli ára í útbreiðslu vefvarpsins.

Þegar notkun vefvarpsins er skoðuð sést að hún er í stöðugum vexti milli ára. Vinsælustu liðir vefvarpsins eru ávallt hljóðbækur, dagblöð, tímarit og vefmiðlar, útvarpsstöðvar og hlaðvörp og textalestur sjónvarpsstöðva.

Vefvarpið er, og mun vera, í stöðugri þróun hjá okkur um komandi ár.

## Ársskýrsla 2019-2020 fyrir aðgengismál Blindrafélagsins.

### Kynning.

---

Starf aðgengis- og upplýsingafulltrúa Blindrafélagsins er fjölbreytt og nær yfir bæði ferilfræðilegt og rafrænt aðgengi auk ýmissa tæknimála. Samvinna með ýmsum aðilum er lykilatriði, þar á meðal félagsmönnum Blindrafélagsins og annarra hagsmunasamtaka, sérfræðinga ÞPM, stjórnendum stofnana og fyrirtækja um land allt o.s.frv.

Við lifum á tímum þar sem tækniframfarir eru daglegt brauð og í öllum hamaganginum vilja aðgengismál stundum gleymast eða eru viljandi sett til hliðar sem vinna á úr seinna. Undanfarin ár hefur verið unnin mjög góð vinna sem hefur gert aðgengismálin sýnilegri sem hefur m.a. skilað því

að stofnanir og fyrirtæki eru meðvitaðri um tilvist og ástæðu mikilvægis góðs aðgengis en áður.

Þær áskoranir og verkefni sem við stöndum frammi fyrir næstu árin eru að gera aðgengismálin að sjálfsögðum hluta daglegs lífs sem og í rekstri stofnana og fyrirtækja. Mikil tækifæri felast í breytingu vinnuferla þegar kemur að stafrænni og ferilfræðilegri uppbyggingu. Það viðhorf sem við viljum sjá á fleiri stöðum er að aðgengi sé haft til hliðsjónar frá upphafi og í gegnum allt ferlið, allt frá upphafi til enda. Aftur á móti er endirinn loðið hugtak og er það einnig tilefni til viðhorfsbreytinga, en aðgengi er ekki áfangastaður heldur ferðalag, og ber ávallt að hafa í huga.

### **Aðgengisfulltrúi tekinn til starfa.**

---

Í september 2019 hóf Hlynur Þór Agnarsson störf sem aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins og tekur hann við af Rósu Maríu Hjörvar. Hlynur mun vinna með bæði verkefni í rafrænu og ferilfræðilegu aðgengi. Við þessi skipti var starfshlutfall aðgengisfulltrúa einnig aukið í fullt stöðugildi. Við bendum félagsmönnum á að koma með ábendingar um ýmsa hluti sem bæði mættu fara betur og þá sem eru til fyrirmyndar.

#### **Aukið aðgengi í Hamrahlíð 17.**

Eitt af verkefnum aðgengisfulltrúa er að bæta aðgengi í Hamrahlíð 17 og sjáum við húsið okkar sem kjörinn vettvangur til þess að prófa ýmsar lausnir og nýta þær sem við vitum að virka vel. Það sem hefur verið gert nú þegar var að skipta út tröppunefjum á stigagangi og hefur nú verið komið fyrir gulum tröppunefjum alla leið upp á 5. hæð, auk þess sem lyftan góða var fengin til að byrja að tala aftur. Búið er einnig að kaupa inn utandyra leiðarlínur frá Handi-Friendly sem okkur langar að prófa í íslenskri veðráttu. Þær verða m.a. settar fyrir framan aðalinngang sem og við útidyr á 2. hæð, en við það verður hliðið á tröppunum fjarlæggt og áherslusvæði sett í staðinn.

### **Samstarf við ReadSpeaker.**

---

Blindrafélagið er áfram í samstarfi með ReadSpeaker í útbreiðslu á Vefpulu á Íslandi. Lausnin heitir í dag webReader. Þetta samstarf hefur dafnað vel undanfarin ár og hefur útbreiðsla og notkun á vefpulunni aukist á milli ára. Blindrafélagið sér m.a. um milligöngu við sölu, ásamt því að

sjá um að þýða framhlið lausnarinnar yfir á íslensku fyrir íslenskar vefsíður.

Blindrafélagið vinnur með ReadSpeaker við að sjá til þess að talgervilsraddirnar Karl og Dóra eru til fyrir Android-stýrikerfi og er hægt að ná í raddirnar að kostnaðarlausu í Google Play. Samkvæmt Google Play hafa raddirnar verið sóttar yfir 500 sinnum.

### **Samstarf við SiteImprove.**

---

Blindrafélagið og SiteImprove hafa gert með sér samvinnusamkomulag. SiteImprove hefur verið duglegt við að kynna mikilvægi þess að vefir séu aðgengilegir öllum notendum Internetsins og býður upp á lausn fyrir vefumsjónarfólk til að fylgjast með ef villur eða vandamál finnast á vefum þeirra. Við eigum því mikla samleið með SiteImprove og munum vinna með þeim að halda áfram vitundarvakningu og kynningum á aðgengismálum, ásamt því að kynna lausnina þeirra.

### **Samstarf við Handi-Friendly.**

---

Blindrafélagið er með umboð fyrir vörur frá tékkneska framleiðslufyrirtækinu Handi-Friendly en um er að ræða leiðarlínur, áherslusvæði og fleiri vörur tengdar ferilfræðilegu aðgengi. Í gegnum tíðina hafa pantanir verið fáar og langt á milli en við vonumst til að auka sölu á þessum vörum og í leiðinni bæta aðgengi að ýmsum stöðum hérlendis. Það var gleðiefni að Háskóli Íslands lagði inn stóra pöntun í lok árs 2019 en aukin merking í byggingum HÍ hafði verið í umræðunni í mörg ár.

### **Samstarf við NaviLens.**

---

Blindrafélagið er að ganga frá samstarfssamningi við spænska fyrirtækið NaviLens en um er að ræða nýja og spennandi lausn í aðgengis- og umferlismálum. NaviLens eru merki sem prenta má á nánast hvaða yfirborð sem er, svo framarlega sem það er slétt. Myndvél símans greinir merkið og les þær upplýsingar sem eru á bak við hvert og eitt. Þannig má nota NaviLens til að merkja ýmsa hluti innan veggja heimilisins, setja þá við upplýsingaskilti, strætóskýli og margt fleira. Notendaviðmót appsins er mjög gott og notandi getur sérstíllt hvernig hann fær upplýsingarnar framsettar, auk þess sem lausnin er alltaf ókeypis fyrir

endanotandann. Við komumst á snoðir um þetta úrræði eftir samtal við RNIB í Bretlandi, en NaviLens er sú lausn sem þeir eru mest spenntir fyrir í heiminum í dag á þessu sviði.

### **Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2019-2020**

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænu blindrasamtakanna og NKK er kvennanefnd þeirra. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum. Danir fóru með formennsku í samstarfinu á árunum 2018-2019 en Finnar tóku við formennsku á fyrsta fundi nefndanna í Helsinki í mars 2020. Rætt er um málefni sem varða öll samtök, þar má til dæmis nefna vefaðgengi, aðgengi í kosningum, samstarf við augnlækna og rafmagnshlaupahjól á víðavangi. Einnig er rætt um starfið innan EBU og WBU og oft teknar sameiginlegar ákvarðanir.

Vorfundir 2019 voru að þessu sinni haldnir í mars í Ósló og haustfundir í Almåsa í Svíþjóð strax eftir norræna ráðstefnu í lok ágúst. Meginþema ráðstefnunnar var tækni og þeir möguleikar sem hún býður sjónskertum. Í erindunum var m.a. rætt um tæknilausnir heima, í endurhæfingu, í tengslum við nám, ýmis heilsuöpp og ferðalög. Ísland sendi tíu þátttakendur á ráðstefnuna.

Blindrafélagið á einnig aðild að European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI) og fylgist með starfi á þessum vettvangi. Í júní 2019 tóku Rósa María Hjörvar og Marjakaisa Matthíasson þátt í jafnréttisráðstefnu á vegum EBU í Malmö. Þátttakendur komu víðs vegar að frá Evrópu og það var ljóst að skilningur á jafnrétti og aðstæður þátttakenda voru mjög misjafnar eftir löndum. Aðalfundur EBU er haldinn á fjögurra ára fresti og var hann að þessu sinni haldinn dagana 28.-30. október í Róm. Fulltrúar Íslands voru þau Sigpór U. Hallfreðsson, Eypór Kamban Þrastarson, Kaisu Hynninen og Marjakaisa Matthíasson. Marjakaisa var kosin í kjörnefnd EBU fyrir næsta aðalfund auk þess sem hún starfaði í ályktunarnefnd á aðalfundinum. Eypór Kamban Þrastarson tekur einnig þátt í þjálfun ungra stjórnenda á vegum EBU.

## **Ársskýrsla félagsmálafulltrúa 2019-2020**

Hver og einn nýr félagsmaður fær senda kynningarmöppu um félagið auk nýjasta tölublaðs tímaritsins Víðsjár og Hljóðbrots. Auk þess geta þeir sem þess óska fengið félagsskírteini en lögblindir félagsmenn geta líka fengið frían aðgang að þjónustu 1818. Trúnaðarmenn félagsins, þau Dagný Kristmannsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Jón Helgi Gíslason, fá um leið upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er. Þau hringja í félagsmenn tvisvar til þrisvar á ári eftir þörfum.

Félagsmálafulltrúi heldur utan um trúnaðarmannakerfið og skipuleggur fræðslufundi fyrir þá. Þann 17. janúar 2020 hélt Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur handleiðslu fyrir trúnaðarmennina. Ákveðið var að halda annan fund um miðjan apríl.

Félagsmálafulltrúi heldur einnig erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd einu sinni í mánuði. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðapjónustu blindra og leiðbeint hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta. Þátttakendurnir fá að prófa

## **Félagsstarfið**

### **Ársskýrsla foreldradeildar 2019-2020**

Ýmislegt hefur verið í dagskrá á starfsárinu 2019-2020.

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hélt fyrstu íþrótt- og ævintýrabúðir fyrir börn fædd á árunum 2005-2009 í tilefni af 40 ára afmæli sambandsins. Búðirnar voru haldnar á Laugarvatni dagana 11.-14. júní með áherslu á margs konar íþróttagreinir, s.s. sund, frjálsar og boltagreinir. Nokkrir ungir félagsmenn Blindrafélagsins tóku þátt í sumarbúðunum.

Ekki var hægt að halda hina hefðbundna sumarhátíð foreldradeildar og sjóðsins Blind börn á Íslandi vegna framkvæmda í garðinum í Hamrahlíð 17.

Laugardaginn 30. nóvember var haldið hið árlega jólaföndur foreldradeildar og sjóðsins Blind börn á Íslandi í sal Blindrafélagsins. Viðburðurinn heppnaðist vel og var þátttakan góð.

Um miðjan febrúar var haldið spilakvöld í Spilavinum þar sem kynnt voru ýmis skemmtileg spil sem gestir gátu spilað saman. Ágústa Eir Guðnýjardóttir mætti á svæðið með spilin sem hún var búin að gera aðgengileg fyrir blinda með punktalettri.

Dagana 28. febrúar til 1. mars voru haldnar vetrarbúðir fyrir börn á aldrinum 9-15 ára í Reykjadal. Þátttakendurnir voru 11 talsins. Í þetta sinn prófuðum við gönguskíði, fórum í heimsókn í varðskipið Óðin, fórum í keilu og pítsuveislu á eftir. Auk þess var farið í ýmsa leiki í Reykjadal og synt í sundlauginni.

Sunnudaginn 8. mars bauð Þjóðminjasafnið sjónskertum börnum í leiðsögn í safnið. Vegna hræðslu við COVID-19 veiruna mættu örfáir. Af sömu ástæðum var leikhúsferð í Borgarleikhúsið í byrjun apríl aflýst.

### ***Ársskýrsla jafnréttisnefndar 2019-2020***

Jafnréttisnefnd hélt þrjá fundi á tímabilinu 2019-2020.

Um haustið voru haldin tvö tæknikvöld, annað um Orcam-myndavélina og hitt um appið Emblu.

Í nóvember hélt félagsmaður okkar, Ásdís Lilja Guðmundsdóttir næringarfræðingur, erindi um heilbrigðan lífstíl og heilsusamlega næringu. Sá fundur var vel sóttur.

Lilja Sveinsdóttir og Rósa Ragnarsdóttir hafa verið fulltrúar Íslands í NKK, norrænu kvennanefndinni, og hafa tekið þátt í fundum hennar.

Jafnréttisnefndin fylgist með ákvörðunum stjórnar og fundarefni félags- og samráðsfunda.

### ***Ársskýrsla skemmtinefndar 2019-2020***

Í skemmtinefnd Blindrafélagsins 2019-2020 eru Baldur Snær Sigurðsson, Arnheiður Björnsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Ragnar Þór Steingrímsson, Gunnar Már Óskarsson og Rúna Garðarsdóttir.

Skemmtinefndin hélt vetrarfagnað föstudaginn 25. október 2019. Settum við saman smá pub-quiz og Sigþór Hallfreðsson formaður sá um að vera spurninga- og veislustjóri. Tónlistargestir kvöldsins voru þeir Hlöðver Smári Oddsson og Friðrik Örn Sigþórsson úr hljómsveitinni Melophobia og héldu þeir stemningunni uppi langt fram á kvöldið.



Jólahlaðborðið var haldið laugardaginn 7. desember 2019 og veislustjóri var Herdís Hallvarðsdóttir. Herdís var með ýmis tónlistaratriði og hélt uppi mjög skemmtilegri stemningu um kvöldið ásamt eiginmanni sínum, Gísla Helgasyni, og gestum. Kokkarnir veislupjónusta sáu um hlaðborðið og var það glæsilegt eins og vanalega.

Þorrablótið var svo haldið laugardaginn 1. febrúar og var þétt setið á þorrablótinu hjá okkur þetta árið eins og svo oft áður. Veislustjóri var Jón Sigurðsson, aka500kallinn, og var hann alveg ótrúlegur. Söngur og frábær stemning var þetta kvöld og dansgólfið fullt. Kokkarnir veislupjónusta voru aftur með matinn hjá okkur enda hafa þau ekki brugðist okkur ennþá og var þorraveislan hin glæsilegasta.

Föstudaginn 1. apríl 2020 hafði skemmtinefndin áætlað að halda annað skemmtikvöld fyrir félagsmenn en vegna neyðarástands út af COVID-19 veirunni var öllum viðburðum félagsins frestað.

Eins og alltaf vill skemmtinefndin koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks skemmtana. Lára Kristín Lárusdóttir, Þórkatla Norðquist og Dagbjört Bjarnadóttir hafa verið ómetanlegar í aðstoð og starfi á viðburðum skemmtinefndar og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir – án ykkar væri þetta ekki hægt!

### ***Ársskýrsla UngBlind 2019–2020***

Félagsmenn UngBlind hittust nokkrum sinnum á starfsárinu á óformlegum fundum á kaffihúsum. Um miðjan desember hittust nokkrir félagsmenn UngBlind í húsi Blindrafélagsins, spiluðu saman og fengu sér kakó og smákökur.

Norrænar sumarbúðir voru haldnar í Reykjavík dagana 25. júní til 2. júlí og komu 33 þátttakendur frá öllum Norðurlöndum. Dagskráin var fjölbreytt og fengu þátttakendur m.a. að prófa loftfímleika- og sirkusæfingar, spuna og ýmsar hannyrðir. Farið var í göngu í Reykjadal og synt í heitu ánni þar, haldin var skemmtidagskrá í Stúdentakjallaranum og lokaveisla þar sem allir tóku þátt í undirbúningi á.

UngBlind tekur þátt í samstarfsverkefni með Þjónustu- og þekkingarmiðstöð á vegum Erasmus+ með fimm öðrum löndum. Verkefnið gengur út á að valdefla ungt fólk og gefa því hugmyndir fyrir framtíðina. Verkefnið er enn ekki langt komið en Þjónustu- og



Þekkingarmiðstöðin stendur fyrir nokkrum námskeiðum þar sem farið er í gegnum alls konar skemmtilegar æfingar, allt frá spuna og hópefli út í það hvernig maður stofnar eigið fyrirtæki. Í haust fer íslenski hópurinn til Rúmeníu til að hitta þátttakendur frá öðrum löndum og læra af þeim.

### *Ársskýrsla Opins húss*

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 20-25 manns. Opið hús var á starfsárinu með sínu sama hefðbundna sniði og verið hefur undanfarin ár og starfsemin farið fram á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-15.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Jónína Herborg Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn Ólafsson, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Anna Sigríður Helgadóttir. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Fram að áramótum hafði Hjalti Sigurðsson, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins, yfirumsjón með starfseminni og samræmdi dagskrá. 1. janúar 2020 tók Lára Kristín Lárusdóttir við starfi félagsmálafulltrúa.

Opið hús fór í fimm ferðir og heimsóknir 2019-2020. Í vorferðinni 2019 var farið um uppsveitir Árnessýslu, komið við í Úthlíð og Friðheimar sóttir heim. Á heimleiðinni var kvöldverður snæddur á Hótel Grímsborgum. Síðasta Opna húsið fyrir sumarfrí var haldið á Nauthól þar sem gestir nutu góðrar tónlistar og snæddu ljúfar veitingar. Sumarferðin þetta árið byrjaði með skemmtidagskrá í Hamrahlíðinni, áður en leiðin lá í Perluna og sýningin Undur íslenskrar náttúru var skoðuð. Dagurinn endaði svo með dýrindiskvöldmat á veitingahúsi Perlunnar.

Í haustferðinni var farið um Borgarfjörðinn, komið við á kaffihúsi og farið í bjórsmökkun og kynningu hjá brugghúsinu Steðja. Endaði ferðin á dásemdarksöldverði á Hótel Bifröst áður en haldið var heim á leið.

Í september kíkta svo Opið hús á bókasafn Mosfellsbæjar á listasýninguna Skynjun – Má snerta með verkum Gerðar Guðmundsdóttur. Listamaðurinn tók sjálf á móti hópnum.

Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgreiðslu og eldhúsi félagsins, hvort sem er við undirbúning eða framkvæmd.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst kl. 11 með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur með tónlistardagskrá. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið þrisvar, 9. nóvember, 21. desember og 8. febrúar.

Meðal gesta voru Anna Lóa Ólafsdóttir, Svavar Knútur, séra Eiríkur Jóhannsson, Hlynur Þór Agnarsson, Eyþór Kamban Þrastarson og hjómsveitin Baggalútur.

Hjalti Sigurðsson og Lára Kristín Lárusdóttir  
félagsmálafulltrúar

### *Retina Ísland fyrir starfsárið 2019-2020.*

Retina Ísland, sem í almennu tali er gjarnan kallað RP-deildin, hefur það að markmiði að vera vettvangur þeirra sem eru með arfgenga ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandenda þeirra. Megináherslan er lögð á fræðslu og jafningjastuðning.

Í starfi deildarinnar er lögð mikil áhersla á að fylgjast eins og kostur er með því nýjasta sem er að gerast í vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla því til félagsmanna. Í því skyni er reglulega boðað til atburða yfir vetrarmánuðina. Auk þess tekur Retina Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Stjórn deildarinnar skipa Sigþór U. Hallfreðsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Rúna Garðarsdóttir ritari, Alexander Hrafnkelsson og Haraldur Matthíasson meðstjórnendur.

Samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Færeyjum dagana 5.-7. september 2019, en þetta var í fyrsta skiptið sem hópurinn hittist þar. Auk samráðsfundarins kynntu þátttakendur sér starfsemi Sjóndepilsins, þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta. Auk þess er þar rekinn verndaður vinnustaður og færeyska Blindrafélagið er með sína starfsemi þar. Sjóndepillinn hefur því svipaðan sess í færeysku samfélagi og Hamrahlíð 17 hér á Íslandi. Einnig fengum við fyrirlestur um genagreiningu á meðal færeyskra sjónhimnusjúkdóma, staðan þar er þannig að það hefur náðst að greina meingenin í öllum færeyskum sjónhimnusjúkdómum nema tveimur sem eru með óþekktu stökkbreytingu sem á eftir að greina. Mikil vinna hefur verið lögð í þessa greiningu og sem dæmi má nefna að sumar af þessum stökkbreytingum finnast aðeins í örfáum einstaklingum og eru lítt eða ekki þekktar utan eyjanna. Það er óhætt að segja að þessi staða sé algerlega til fyrirmyndar.

Allar götur frá aðalfundi og ráðstefnu Retina International (RIWC) 2018 þegar Blindrafélaginu var fyrir hönd Retina Ísland falið að halda ráðstefnuna árið 2020 hefur allur meginþunginn í starfi deildarinnar snúist um undirbúning hennar.

Áætlað var að ráðstefnan yrði í Hörpu í byrjun júní næstkomandi samhliða norræna augnlæknaþinginu NOK2020 þar sem dagskrá beggja ráðstefnanna samþættaðist í sameiginlegri fyrirlestrálinu um arfgenga sjónhimnusjúkdóma.

Við höfðum fundið fyrir miklum áhuga og eftirvæntingu út af ráðstefnunni, bæði vegna samstarfsins við augnlæknaþingið sem er alger nýjung á þessum vettvangi en ekki síst í ljósi framfaranna sem orðið hafa á sviði rannsókna og klínískra tilrauna meðferðum við arfgengum sjónhimnusjúkdómum.

Allur undirbúningur hafði gengið mjög vel, bæði hjá undirbúningsnefndinni sem hugaði að praktískum atriðum undir stjórn Helga Hjörvar og vísindanefndinni sem setti undir formennsku dr. Ragnheiðar Bragadóttur saman dagskrána og valdi fyrirlesarana. Í raun voru allar meginlínur klárar og ekkert eftir nema að halda ráðstefnuna þegar örlögin gripu í taumana. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að heimsbyggðin hefur glímt við heimsfaraldur af vírussmiti sem veldur veiki sem nefnd er COVID-19. Í ljósi afleiðinganna sem heimsfaraldurinn hefur haft í för með sér var ekki um annað að ræða en að fresta ráðstefnuhaldinu og var ákveðið að halda ráðstefnurnar með sama sniði og búið var að undirbúa í júní árið 2022. Þannig nýtist öll

undirbúningsvinnan til fulls og við missum ekki af tækifærinu til að heyra frá fyrstu hendi hvað er markverðast að gerast á sviði rannsókna og þróunar á meðferðum við arfgengum hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu. Á ráðstefnum RI eru fluttir fjölmargir fyrirlestrar, annars vegar mjög fræðilegir fyrir fagfólkið, lækna og vísindamenn og hins vegar á „mannamáli“ fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Það að fá tækifæri til að halda ráðstefnu RI á heimavelli er gullið tækifæri fyrir íslenska vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk til að kynna rannsóknir sínar og til að kynna sér allt það nýjasta sem er að gerast á vettvangi vísindanna, hvort heldur sem er á sviði mögulegra genalækninga, stofnfrumumeðferða, lyflækninga eða grunnrannsókna. Fyrir sjúklinga með arfgenga hrörnunarsjúkdóma, svo sem RP, AMD, LHON o.fl., og aðstandendur þeirra er þetta einstakt tækifæri til að sjá og heyra fremstu vísindamenn heims á þessu sviði segja frá rannsóknum sínum og niðurstöðum.

Eftir að hafa unnið að undirbúningnum í rúm fimm ár var ekki auðvelt að þurfa að fresta ráðstefnunum en samt sem áður óhjákvæmilegt og nú setjum við stefnuna á RIWC2022 og NOK2022.

Aðalfundi Retina International sem áætlað var að halda í framhaldi af ráðstefnunni var frestað til haustsins og verður hann hafður í gegnum fjárfundabúnað.

Það eru að sjálfsögðu mikil vonbrigði að þurfa að fresta ráðstefnunni þegar svona stutt var til viðburðarins en það er samt sem áður lítilvægt í ljósi þeirra atburða sem verið er að taka tillit til.

Sigpór U. Hallfreðsson,  
formaður Retina Íslands

### ***Ársskýrsla bókmenntaklúbbs 2019-2020***

Bókmenntaklúbburinn byrjaði af fullum krafti 17. september 2019 og hélt áfram til 3. mars 2020. Hist var reglulega tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag kl. 15.30-17. Lesnar voru átta bækur á tímabilinu. Eins og fyrri vetur ríkti góð stemning í hópnum og skipst var á mismunandi skoðunum.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember urðu þau merku tímamót að bókmenntaklúbburinn átti 15 ára afmæli. Af því tilefni kom Auður

Jónsdóttir rithöfundur í heimsókn og las upp úr nýjustu bók sinni, Tilfinningabyltingunni.

Sigpór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins, mætti í afmælið og hélt ræðu í tilefni dagsins. Hann þakkaði undirritaðri fyrir að hafa stofnað og haldið utan um klúbbinn í 15 ár og afhenti blómvönd og konfekt.

Eins og fyrri ár naut klúbburinn fráberrar þjónustu Huldu Pétursdóttur á Hljóðbókasafninu og eru henni sendar þakkir fyrir.

Brynja Arthúrsdóttir

### ***Ársskýrsla Suðurlandsdeildar***

Af okkur hér á Suðurlandinu er það að fréttu að við hittumst í Mörkinni 5 einu sinni í mánuði en við höfum breytt deginum þannig að nú er fundur alltaf síðasta föstudag í hverjum mánuði. Virkum meðlimum hefur fjölgað og erum við núna sjö talsins.

Þau málefni sem við höfum brunnið fyrir 2019 eru aðgengismálin. Við höldum áfram með það mál frá 2018 að reyna að komast í samband við þann aðila sem er í forsvari fyrir nýja miðbæjarkjarnanum hér á Selfossi. Við sendum honum bréf þar sem við óskuðum eftir fundi til að ræða aðgengismál. Við bentum á mikilvægi þess að hafa gott aðgengi þannig að allir geti nýtt sér og haft gleði af umhverfinu. Við bentum einnig á mikilvægi þess að þetta yrði skoðað strax í upphafi áður en sjálfar framkvæmdirnar byrjuðu til að minnka óþarfan kostnað seinna meir. Við buðum fram aðstoð okkar og þekkingu og að fá með okkur fagaðila frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni. Við fengum aldrei svar til baka. Framkvæmdir eru byrjaðar og það verður spennandi að sjá aðgengið þegar kjarninn verður tilbúinn. Af okkar hálfu er málið ekki búíð og munum við fylgjast með og láta vita ef okkur finnst eitthvað ábótavant.

Við unnum einnig ötullega að því að koma Árborg inn í ferðaþjónustu Blindrafélagsins á höfuðborgarsvæðinu og er það að detta inn þessa dagana. Í framhaldinu verður skoðað hvaða sveitarfélög hér á Suðurlandi bjóða enn ekki upp á þennan samning og hvort þar eru félagsmenn sem gætu hugsað sér hann og þá leiðbeina hvernig best sé að koma því í gegn.

Í vorhlutanum fengum við heimsókn félaga frá Blindrafélaginu í Reykjavík. Sá viðburður var vel sóttur og var þeim boðið upp á góðar veitingar á Hótel Selfossi. Einnig voru skemmtiatriði, þar á meðal kom Sigurður Sigurðarson dýralæknir og kynnti stemmur eða kvæðalag fyrir okkur. Einnig kom Ingibjörg og talaði aðeins um einhverfu með dæmi úr sínu lífi. Hún er með fjórar háskólagráður og einnig er hún að læra söng. Hún söng nokkur þýsk lög fyrir okkur. Í nóvember héldum við jólafundinn okkar og áttum notalega stund saman á veitingastaðnum Krisp hér á Selfossi.

Fyrir hönd Suðurlandsdeildarinnar,  
Ásdís Eylválía Guðmundsdóttir

## **Aðrar skýrslur**

### ***Blindravinnustofan 2019***

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar með taldir rekstrarstjóri, þroskaþjálfari og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í innflutningi á hreingerningarvörum til þökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er t.a.m. ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir auk vörumerkinga fyrir ýmis fyrirtæki.

Rekstur Blindravinnustofunnar gekk vel á árinu. Áfram var unnið að hagræðingarverkefnum. Þar ber helst að nefna verkefni tengd innkaupum en beinn innflutningur hefur aukist hjá Blindravinnustofunni á undanförunum árum. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Svíþjóð, Bretland, Kína og Bangladesh.

### ***Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2019***

Þóra Sigríður Ingólfssdóttir hætti sem farsæll forstöðumaður Hljóðbókasafnsins 1. febrúar þegar hún tók við starfi sem forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands. Í framhaldi af þessum breytingum setti mennta- og menningarmálaráðuneytið í gang athugun á því hvort skynsamlegt væri að innlima þjónustu safnsins í starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Niðurstaða skyldi liggja fyrir ekki seinna en 1. nóvember 2019 og var Einar Hrafnsson settur forstöðumaður meðan á þessari skoðun skyldi standa.

Skemmst er að segja frá því að niðurstaða ráðuneytisins var sú að þjónusta safnsins væri best tryggð með því að safnið væri áfram sjálfstæð stofnun og starf forstöðumanns var auglýst í nóvember. Safnið fagnar þessari niðurstöðu en áhrif af óvissunni um framtíð stofnunarinnar urðu auðvitað allnokkur.



Vert er að geta þess á þessum vettvangi að tveir fyrrverandi forstöðumenn safnsins, þær Helga Ólafsdóttir og Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, hlutu Gulllampa félagsins fyrir störf sín og safnið sjálft Samfélagslampann fyrir aðkomu sína að aðgengismálum blindra og sjónskertra.

## Stefnumótun 2020–2022

---

Í lok ársins var unnin stefnumótun fyrir árin 2020–2022 og byggist stefnan á sex meginmarkmiðum:

1. Auka framleiðslu efnis og efla fjölbreytni í útgáfu efnis og þátttöku í samfélaginu.
2. Bæta verulega aðgengi að safninu.
3. Auka sýnileika Hljóðbókasafnsins og auka meðvitund um aukið aðgengi og þjónustu, sér í lagi í menntakerfinu.
4. Efla vinnustaðinn, fagleg efling starfskrafta og aukin starfsánægja.
5. Heilbrigt umhverfi í takt við græn skref í ríkisrekstri.
6. Hljóðbókasafnið standi jafnfætis Norðurlöndum í þekkingu og þjónustu.

Þessi verkefni byggja á vinnu og stefnumótun síðustu ára og þeirri framtíðarsýn að aðgengi að upplýsingum sé lykilatriði í lýðræðis- og mannréttindaþróun.

## Innra starf

---

Innra starf mótaðist nokkuð af óvissri framtíð og skipulagi starfsins. Fram yfir miðjan ágúst var óvíst hvort safnið yrði fært inn í starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þá var höggvið á hnútinn og ákveðið að safnið skyldi áfram vera sjálfstæð stofnun eins og raunin er í nágrannalöndum okkar.

Gerðar voru breytingar í starfsemi útlánadeildar. Þar var lögð niður ein staða og gerð tilraun með að endurskipuleggja þjónustutíma og -

fyrirkomulag. Útkoma tilraunarinnar er ekki eingöngu jákvæð og skoðað verður hvernig styrkja má þjónustu útlánadeildar til framtíðar.

Tímabundið var ráðinn starfsmaður í þessa þjónustu sem létti mikið undir. Þá var starfsmaður ráðinn í framleiðsludeild með sérþekkingu á gerð rafbóka og upplýsingatæknimálum. Þetta er liður í að nútímavæða framleiðslu- og þekkingargrunn stofnunarinnar.

## HBS-app og vefspilari

---

Safnið notar app (smáforrit) frá NOTA sem er systurstofnun í Danmörku. Ákveðið var að kaupa einnig vefspilara af sama aðila sem opnar nýja möguleika fyrir lánþega til að nýta sér bækur á fjölbreyttari hátt, sérstaklega þegar kemur að lestri bók með texta og myndum.

Langflestir lánþegar nota appið í dag. Ýmis tæknileg vandræði í rekstri þess komu upp og þjónustur bæði hjá hýsingaraðila og þeim aðilum sem reka appið brugðust. Mikil vinna fór í að endurskipuleggja allt rekstrar- og þjónustuumhverfi í kringum það.

Þetta hafði þó nokkur áhrif á þjónustuna við lánþega og jók mjög álag á starfsfólk. Verður vinnu við endurskipulagningu haldið áfram á árinu 2020 með það að markmiði að fá betri þjónustu og meiri uppítíma á þjónustunni.

Starfsmenn HBS hafa tekið á sig meiri ábyrgð og verkefni tengd útgáfu og umsýslu apps og vefspilara og eru í meiri og betri samskiptum við þjónustuaðila en áður hefur verið og samskipti almennt á milli þeirra fyrirtækja sem safnið kaupir tæknilausnir af hafa verið bætt og endurskoðuð.

## Eigendur höfundarréttar

---

Safnið leggur áherslu á góð samskipti við eigendur höfundarréttar þess efnis sem safnið dreifir til lánþega og þakkar Rithöfundasambandinu góð samskipti á árinu.

Safnið skoraði á mennta- og menningarmálaráðuneytið að hefja að nýju samræður við Rithöfundasambandið um endurskoðun greiðslufyrirkomulags til þessa hóps.

## Útgefendur

---

Safnið ákvað að auka og bæta samskipti við útgefendur og var farið í nokkrar heimsóknir til að kynna sjónarmið safnsins og þjónustu þess og heyra viðhorf útgefenda. Þetta starf mun halda áfram með það að markmiði að auka skilning og bæta samskipti.

## Samstarf um íslenska máltækni

---

Hljóðbókasafnið lagði drög að því að verða virkur þáttakandi í SÍM-samstarfinu. Í febrúar 2020 raungerðist það, sem skiptir miklu máli, því að máltæknilausnir munu verða sífellt mikilvægari í þjónustu og framleiðslu safnsins.

## Blindrafélagið

---

Hljóðbókasafnið á í prýðilegu samstarfi við Blindrafélagið, t.a.m. um vefvarp og talgervil.

## Menntavísindasvið HÍ

---

Hljóðbókasafn Íslands leggur sig í líma við að eiga gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað mál. Sú regla er komin á að fulltrúi safnsins fer tvisvar á ári á Menntavísindasvið Háskóla Íslands og heldur fyrirlestur um starfsemi safnsins fyrir nýnema í kennslufræðum til að tryggja að sem flestir kennarar þekki safnið frá upphafi.

## Hringsjá

---

Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið komi með kynningar inn í tíma hjá Hringsjá – náms- og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga nemendur sem hafa fallið frá námi en eru að taka upp þráðinn að nýju. Þessi nemendur eiga margir hverjir við einhvers konar prentleturshömlun að stríða og eru þeir yfirleitt mjög áhugasamir um safnið.

## Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda

---

Stofnanirnar hittust í febrúar 2019 og héldu áfram að bollaleggja um samstarf sitt og hvernig megi bæta í sameiningu þjónustu við þann hóp sem þeim er ætlað að þjóna. Meðal þess sem stofnanirnar eru að skoða er hvort hægt sé að koma upp gagnagrunni fyrir allar bækur sem eru á rafrænu formi og komast hjá því að tvítaka þá vinnu að biðja um handrit frá útgefendum eða skera bækur í sundur og skanna. Jafnframt gæti verið gott að vinna í sameiningu fyrir nemendur sem stunda nám í menntaskólum og háskólum um hvað hentar hverjum og einum hverju sinni.

### Sérkennarar og námsráðgjafar

---

Sérkennarar og námsráðgjafar eru duglegir að setja sig í samband við Hljóðbókasafn Íslands í þágu skjólstæðinga sinna. Alfreð Halldórsson, sem sérhæfir sig í að framleiða námsbækur með texta, hefur talað við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa hinna ýmsu skóla og vinnur að því að setja sig í æ betra samband við þennan hóp. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti snemma hvað standi til að kenna í framtíðinni þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og talbók fyrir prentleturshamlaða.

### Norrænt samstarf

---

Norrænt samstarf er ein grunnstoð þjónustu Hljóðbókasafns Íslands.

Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum hittast tvisvar á ári á samráðsfundum sem skila margvíslegum ávinningi. Hljóðbókasafnið tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum, nema þeim sem snúa ekki beint að starfseminni lengur, eins og verkefnum um Braille-punktaletur.

Auk óvissu hér á landi hafa miklar breytingar gengið yfir bæði í Danmörku og Svíþjóð sem hafa haft hamlandi áhrif á samstarfið en nú er starfsemi allra stofnana að færast í eðlilegt form. Þetta þýðir að samstarf verður enn öflugra á næstu árum.

Helstu samstarfsverkefni norrænu safnanna eru þessi:

## Nordic IT Forum og aðrir tæknihópar á Norðurlöndum

---

Samstarfshópurinn er samsettur af tæknimönnum safnanna og fjallar um nýjungar í tækni og þróun innan safnanna. Alfreð Halldórsson og Gunnar Grímsson sitja í hópnum fyrir hönd Hljóðbókasafns Íslands. Þessi hópur hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári þar sem farið er yfir tæknimál og nýjungar, skipst á þekkingu og stilltir saman strengir. Tveir aðrir formlegir hópar sem snúa að tæknimálum eru einnig starfandi, STEM Group sem snýr m.a. að birtingu stærðfræðiformúla í aðgengilegum bókum og Procurement Group sem samhæfir útboð og annað sem tengist bókum sem unnar eru á Indlandi. Einnig er töluvert um óformlegri samskipti sem snúa að tæknilegum málum. Þessir hópar nýta mikið fjarfundi og safnið leggur áherslu á að nýta til hins ýtrasta þær ferðir sem farnar eru.

## User Service Group

---

Þessi hópur stendur saman af starfsmönnum sem vinna við þjónustu og afgreiðslu lánþega á söfnum Norðurlandanna. Hópurinn ræðir ýmis mál sem snúa að þjónustu og breytingum á umhverfi og veruleika starfsmanna og lánþega í tækniheimi. Sigrún Pétursdóttir og Hulda Pétursdóttir sækja fundi fyrir Íslands hönd. Í þessum hópi voru einungis fjarfundir á árinu.

## Millisafnalán á Norðurlöndum

---

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstökum samningi og hefur þjónusta safnsins notið verulega góðs af þessu samstarfi, ekki síst námsmenn.

## NIFI

---

NIFI (Nordic Inclusive Publishing Initiative) er samstarfsverkefni systurstofnana Norðurlandanna fimm sem miðar að því að fræða útgefendur og aðra sem koma að bókaútgáfu um þær miklu og spennandi breytingar sem eru framundan með nýrri Evróputilskipun og Marrakesh-sáttmálanum.

Þessar breytingar munu hafa mikil áhrif á störf safnanna þar sem þeim fylgir krafa um betri og öflugri þjónustu, fyrst og fremst við lánþega en einnig stefnir safnið á að aðstoða útgefendur við að mæta nýjum heimi í bókaútgáfu þar sem allar útgefna bækur munu þurfa að vera aðgengilegar, þ.e.a.s. að öllum hljóðbókum mun þurfa að fylgja samtengdur texti.

Safnið hefur tekið virkan og öflugan þátt í þessu samstarfi og hefur Gunnar Grímsson leitt þá vinnu fyrir hönd safnsins. Stærsta verkefnið hefur verið að skipuleggja og undirbúa ráðstefnuna Include! sem halda átti í Malmö í mars 2020 en henni hefur verið frestað til haustsins sökum kórónuveirunnar.

## **Marrakesh-sáttmálinn**

---

Hljóðbókasafn Íslands, Menntamálastofnun og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð skoruðu á íslensk stjórnvöld að undirrita og fullgilda Marrakesh-sáttmálann um aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundarréttarvörðu efni. Sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð höfundarréttarmála og gerir kleift að skiptast á efni milli landa. Hann er því afar mikilvægur til að bæta aðgengi blindra, sjónskerta og annarra prentleturshamlaðra að les- og prentefni. Um 75 þjóðir hafa fullgilt Marrakesh-sáttmálann, þar á meðal öll Evrópusambandslöndin.

Með góðum kveðjum og þökkum fyrir árið

Einar Hrafnsson

Apríl 2020



# BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - [blind.is](http://blind.is) - [blind@blind.is](mailto:blind@blind.is)